

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn með síðari breytingum.

Bæjarstjórn Kópavogs ákvað á fundi sínum 25. apríl 2023 að leggja niður Héraðsskjalasafn Kópavogs og fór með því í slóð Borgarstjórnar Reykjavíkur sem ákvað að leggja niður Borgarskjalasafn Reykjavíkur nokkrum vikum áður.

Notendurnir, borgarar og íbúar Reykjavíkur og Kópavogs og kjósendur þar höfðu ekkert frétt af áformum um niðurlagningu Borgarskjalasafns eða Héraðsskjalasafns fyrir sveitastjórnarkosningarnar síðustu. Þær upplýsingar komu óvænt fram nokkru eftir kosningar og í byrjun hvíldi yfir þeim leynd sem kom í veg fyrir opna umræðu um áformin. Svo afdrifaríka og skaðlega ákvörðun ætti meirihluti í sveitastjórn á einu kjörtímabili ekki að geta tekið. Afleiðingarnar eru varanlegar og hafa áhrif á komandi kynslóðir, þær eru að mikilvægum hluta óafturkræfar og afar alvarlegar.

Sögufélag Kópavogs er fjölmennt félag áhugafólks sem hefur að meginmarkmiði að stuðla að varðveislu gagna og fróðleiks er varða sögu bæjarfélagsins og kynna þau almenningi með fundum, fræðslugöngum, fyrirlesturum og myndasýningum. Einnig hefur félagið staðið að útgáfu rita sem segja sögu Kópavogs frá ýmsum sjónarhornum. Þessi starfsemi hefur að stórum hluta verið unnin í mjög nánú samstarfi við okkar ágæta Héraðsskjalasafn. Þannig hafa Sögufélagið og Safnið tengst sterkum böndum vegna gagnkvæms mikilvægis starfsemi þeirra.

Kópavogsbúar eiga í Héraðsskjalasafninu sögulegt minni sitt og grundvöll sagnaritunar og sögufróðleiks um Kópavog. Þetta er mikilvægt fyrir næststærsta sveitafélag landsins sem vonandi leggur metnað í að varðveita sögu staðarins sem er um margt sérstök. Sögufélagið hefur um árabíl stuðlað að því að einkaskjölum úr fótum einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja hafi verið komið í vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs í þeirri trú að þar ættu þau öruggan samastað í Kópavogsbæ. Ætlunin var aldrei að þau yrðu varðveitt í Reykjavík enda má búast við því að aðgengi eigenda að skjölum yrði torsóttara en ef þau væru vistuð á Héraðsskjalasafninu.

Drög að frumvarpi sem nú liggja fyrir virðast miðast við og staðfesta niðurlagningu Héraðsskjalasafn Kópavogs og Borgarskjalasafnsins sem orðinn hlut. Héraðsskjalasöfn megi leggja niður og safnkostur þeirra fari í Þjóðskjalasafn Íslands gegn gjaldi og að sveitarfélög beri áfram kostnaðinn af safnkostinum þar.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram er það eindregin ósk félagsins að menningarmálaráðuneytið breyti þessum frumvarpsdrögum á þann veg að þau miði að því að fest verði í lög að sveitarfélögum landsins verði skylt að hafa á sínum snærum héraðsskjalasafn. Með því yrði sögulegum skjölum, ljósmyndum og fróðleik um allt land bjargað, til handa almenningi, áhugafólki og sérfræðingum um sögufróðleik og sagnfræði í héraði, og um leið Borgarskjalasafninu og Héraðsskjalasafni Kópavogs.

Kópavogi 7. mars 2024

f.h Sögufélags Kópavogs

Þórður St. Guðmundsson formaður (sign)

Þóra Elfa Björnsson ritari (sign)

Frímann Ingi Helgason meðstjórnandi (sign)